

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2025/1421****2026/EES/30/32**

frá 17. júlí 2025

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 að því er varðar  
samræmismatsaðferðir fyrir ESB-áburðarvörur (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 <sup>(1)</sup>, einkum l. mgr. 42. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) 2019/1009 er mælt fyrir um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði. Einungis má bjóða ESB-áburðarvöru fram á markaði ef hún hefur staðist, með fullnægjandi hætti, viðeigandi samræmismatsaðferð eins og sett er fram í IV. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Viðeigandi samræmismatsaðferð fyrir köfnunarefnisríkan ammóníumnítratáburð, eins og lýst er í aðferðareiningu A1 í II. hluta IV. viðauka, inniheldur prófun á sprengjuþoli og undanfarandi hitameðferðir sem á að framkvæma á rannsóknarstofu sem framleiðandinn velur og undir eftirliti tilkynntrar stofu. Vegna þess að ammóníumnítratáburður er mögulega sprengifimur er mikilvægt að niðurstöðurnar úr hitameðferðum og prófunum á sprengjuþoli séu áreiðanlegar. Þess vegna ættu einungis rannsóknarstofur sem faggildingarstofa í aðildarríki hefur faggilt til þessarar starfsemi að koma til greina.
- 3) Samræmismatsaðferðin sem lýst er í aðferðareiningu D1 í II. hluta IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 útheimtir að tilkynntar stofur geri úttektir reglulega. Að því er varðar áburðarvörur sem innihalda endurheimta efnisþáttaefniviði er tíðni úttektar tengd tíðni sýnatöku úr frálagefniviði, eins og einnig kemur fram í IV. viðauka, sem leiðir til tíðra úttekta, allt að 48 úttekta á ári, hjá framleiðendum með mikla framleiðslu. Til að tryggja að úttektarkraftan sé hófleg ætti tíðni úttekta að vera óháð sýnatökutíðninni og fastsetja ætti almenna úttektartíðni sem eina úttekt á ári. Þetta mun auðvelda samræmismat á ESB-áburðarvörum í hringrás, sem innihalda endurheimta efnisþáttaefniviði, án þess að tefla öryggi slíkra efniviða í tvísýnu þar eð sýni yrðu tekin áfram með sömu tíðni.
- 4) Til að veita framleiðendum möguleika á umbreytingartímabili ætti breytingin á aðferðareiningu A1 að gilda um hitameðferðir og prófanir á sprengjuþoli sex mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/1009 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. hluta IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 4. lið í AÐFERÐAREINING A1 – INNRA FRAMLEIÐSLUEFTIRLIT ÁSAMT VÖRUPRÓFUN UNDIR EFTIRLITI er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„Hitameðferðir og prófun sem um getur í liðum 4.3 og 4.4 skulu framkvæmdar á rannsóknarstofum sem faggildingarstofa í aðildarríki hefur faggilt til þessarar starfsemi.“

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/1421, 10.12.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2026 frá 20. mars 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2019/1009/oj>.

- 2) Í stað inngangsorðanna í lið 6.3.2 í AÐFERÐAREINING D1 – GÆÐATRYGGING FYRIR FRAMLEIÐSLUFERLI kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar efniviði sem tilheyra efnisþáttaefniviðaflokkum 3, 5, 12, 13, 14 og 15 eins og skilgreint er í II. viðauka, skal tilkynnt stofa gera árlegar úttektir. Að auki skal tilkynnta stofan taka og greina sýni af frálagefniviði með eftirfarandi tíðni:“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. mgr. 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. júlí 2025.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---